

## 01 / BYRJID HÉR

# Undirbúningur fasteignar

Fyrir myndatöku með ONE SHOT. Einföld skref sem hjálpa eigninni að njóta sín og gera tökudaginn léttari.

## 01 Takið þetta úr augsýn

- **Daglegt smádót:** póst, pappíra, fjarstýringar, hleðslutæki, lausar snúrur, poka, skó og yfirhafnir.
- **Þrif og þvott:** ruslatunnur, ræstivörur, ryksugu, moppu, þvottakörfur, þvottagrindur og óhreinan þvott.
- **Persónulega muni:** fjölskyldumyndir, nafngreind skjöl, lyf, snyrtivörur og sýnileg persónugögn. Fjarlægjið líka minnismiða og segla af ísskáp.
- **Persónulegir smámunir:** setjið skartgrip, peninga, lykla og lítil raftæki í skúffu eða skáp svo þau sjáist ekki á myndunum.

## 02 Hleypið birtunni inn

- Dragið gardínur frá og látið þær falla snyrtilega til beggja hliða. Opnið rimlagardínur og lyftið rúllugardínunum þannig að dagsbirta og útsýni njóti sín.
- Hafið gardínur í sambærilegri hæð í sama rými og fjarlægjið hluti úr gluggakistum. Þrífið sýnilegar rúður og spegla.
- Kveikið á loftljósum, veggkjósum og lömpum. Skiptið um sprungnar perur og hafið svipaðan ljóslit í sama rými. Slökkvið á sjónvörpum og tölvuskjám.

### EINFÖLD GRUNNREGLA

Hreint, bjart og hóflega stílað. Haldið yfirborðum að mestu auðum og geymið lausamuni á einum stað sem verður ekki myndaður. Ljósmyndarinn getur síðan stillt ljós og gardínur eftir birtu á staðnum.

## 02 / INNANHÚSS

# Farið yfir hvert rými

Þrífið fyrst og raðið svo upp. Nokkrir vel valdir hlutir gefa hlýju án þess að taka athyglina frá eigninni.

## 01 Eldhús og borðstofa

- Hreinsið borðplötur. Setjið smátæki, uppþvottalög, svampa, tuskur og þurrkgrind úr auglýsýn. Ein kaffivél eða falleg ávaxtaskál má standa eftir.
- Tæmið og þrífið vaskinn. Pússið krana, helluborð og framhliðar tækja. Hafið uppþvottavél, ofn og skápa lokaða.
- Takið rusl út og fjarlægið gæludýraskálar. Þurrkið af borðstofuborði og raðið stólum jafnt. Einföld skreyting dugar.

## 02 Baðherbergi og þvottahús

- Fjarlægið tannbursta, sápubrúsa, sjampó, rakvélar og aðrar snyrtivörur, líka úr sturtu og baðkari.
- Þrífið spegla, gler, vaska og blöndunartæki. Lokið salernislöki og setjið salernisbursta, ruslafötu og aukarúllur úr auglýsýn.
- Hengið upp hrein, samstæð handklæði. Takið baðmottur burt ef þær fela gólfið. Gangið frá þvotti og þvottaefnum.

## 03 Stofa og önnur sameiginleg rými

- Réttið púða, sléttið á sófa og brjótið teppi snyrtilega saman. Hafið sófaborð og hillur snyrtileg og forðist of mikið skraut.
- Gangið frá leikföngum, kaplum og vinnugögnum. Tæmið sýnilegar ruslakörfur og hafið gönguleiðir greiðar.
- Réttið mottur, stóla og myndir á veggjum. Færið smáhúsgögn sem þrengja að rýminu ef það er auðvelt og öruggt.

## 04 Svefnherbergi

- Búið vandlega um rúm með hreinum, helst látlausum rúmfötum. Sléttið úr fellingum, jafnið sæng og raðið koddum snyrtilega.
- Hreinsið náttborð og kómmóður. Fjarlægið föt, inniskó, þvott og hluti undan rúmum sem sjást í mynd.
- Lokið fataskápum og skúffum. Raðið leikföngum í barnaherbergjum og fjarlægið sýnileg nöfn og persónulegar upplýsingar.

## 03 / ÚTISVÆÐI OG KOMAN

# Tilbúið að utan sem innan

Undirbúið öll rými sem á að mynda og tryggið gott aðgengi. Best er að frágangi og þrifum sé lokið áður en tökur hefjast.

## 01 Aðkoma, garður og svalir

- Sópið aðkomu, tröppur, svalir og pall. Fjarlægið rusl, illgresi og lausa muni. Sláið gras og snyrtið gróður eftir þörfum og árstíma.
- Gangið frá slöngum, verkfærum, leikföngum og garðáhöldum. Færið ruslatunnur úr mynd ef hægt er og setjið yfirbreiðslur til hliðar meðan tekið er.
- Þrífið útihúsgögn og raðið þeim snyrtilega. Setjið hreina púða á stóla ef veður leyfir og hafið svalagólf sem mest sýnilegt.
- Færið bíla frá innkeyrslu og framhlið eftir því sem hægt er. Látið reiðhjól, kerrur og aðra lausa hluti ekki skyggja á eignina.

## 02 Fólk og gæludýr

- Skipuleggið að fólk sé utan þeirra rýma sem verið er að mynda. Gætið líka að speglum og gleri þar sem fólk getur speglast.
- Hafið gæludýr á öruggum stað utan tökusvæða eða í gæslu. Fjarlægið bæli, búr, skálar, kattakassa og leikföng; ryksugið hár og þrífið bletti.
- Látið ljósmyndarann vita fyrirfram ef dýr eru á staðnum eða ef sérstakt tillit þarf að taka við aðgengi.

## 03 Aðgengi og skipulag

- Staðfestið tíma, heimilisfang, íbúðarnúmer og símanúmer tengiliðar. Látið vita af bílastæði, dyrasíma og öðrum atriðum sem auðvelda komuna.
- Hafið lykla tiltæka og tryggið aðgang að öllum rýmum sem á að mynda, þar á meðal geymslu, bílskúr, svölum og sameign eftir því sem við á.
- Veljið fyrirfram geymslustað fyrir dót sem verður ekki í mynd. Forðist að færa sömu hluti stöðugt á milli herbergja á meðan tökum stendur.
- Látið vita af sérstökum áherslum, óaðgengilegum rýmum eða framkvæmdum áður en ljósmyndari kemur.

### GEFIÐ YKKUR TÍMA

Ljúkið stærri þrifum og tiltekt helst daginn áður. Þá nægir stutt yfirferð á tökudegi og meiri tími gefst til að mynda eignina.

## 04 / GÁTLISTI FYRIR TÖKUDAGINN

# Síðasta yfirferðin

Gangið eina hringferð um eignina rétt fyrir komu ljósmyndara. Staldrið við í dyrum hvers rýmis og horfið á það eins og mynd.

- ☐ **Yfirborð og gólf**  
Borð og gluggakistur snyrtileg; rusl, þvottur, skór og lausamunir úr auglýn.
- ☐ **Gardínur og gluggar**  
Gardínur frá, rimlar opnir og rúllugardínur í samræmdri hæð. Gler og speglar hreinir.
- ☐ **Ljós og skjáir**  
Öll viðeigandi ljós kveikt og þerur virkar. Sjónvörp og tölvuskjáir slökkt.
- ☐ **Eldhús**  
Vaskur tómur og hreinn, borðplötur snyrtilegar og tuskur, svampar og rusl falið.
- ☐ **Baðherbergi**  
Salernislök niðri, snyrtivörur fjarlægðar og hrein handklæði snyrtilega hengd upp.
- ☐ **Rúm og seturými**  
Búið um rúm, slétt úr rúmfötum og sófapúðum raðað. Fatnaður og leikföng frágengin.
- ☐ **Útisvæði**  
Aðkoma og svalir snyrtileg. Bílar og lausir hlutir skyggja ekki á eignina.
- ☐ **Persónulegir munir**  
Persónugögn, fjölskyldumyndir og verðmætir smámunir úr auglýn svo þau birtist ekki á myndunum.
- ☐ **Fólk og gæludýr**  
Tökusvæði laus og gæludýr á öruggum stað. Athugað hvort fólk sjáist í speglun.
- ☐ **Aðgangur tilbúinn**  
Lyklar tiltækir, öll umsamin rými aðgengileg og tengiliður næst í síma.

**UNDIRBÚNINGUR EFTIR AÐSTÆÐUM**

Þessi listi er góð viðmiðun ef þú vilt hafa eignina þína 10/10 fyrir myndatöku. Við höfum auðvitað fullan skilning á því ef aðstæður bjóða ekki upp á allan þennan undirbúning. Gerðu það sem þú getur og við vinnum með aðstæðurnar saman.